

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Þjóðhagfræði		
Prófdagur:	27. janúar 2010	Kl.:	17:00-21:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	10 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	<u>Engin</u> hjálpargögn leyfileg	Fylgiblöð:	0

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað á próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

Kennari: Ólafur Ísleifsson

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Hluti A (40%)

Svarið eftirfarandi tíu krossaspurningum. Setjið aðeins einn kross við hverja spurningu. Gefið er fyrir rétt svar. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (4%) Almennt má segja um áhrif verðbólgu í efnahagslífinu að hún
 - a. rýrir verðgildi peninga.
 - b. hefur ekki áhrif á kaupmátt peninga.
 - c. eykur kaupmátt launa.
 - d. bæði a og c eiga við.
 - e. ekkert atriðanna a, b eða c eiga við.

2. (4%) Framleiðsluþátturinn (e. production possibilities frontier) afmarkar
 - a. samsetningar af vörum og þjónustu sem hægt er að framleiða og hægt er að neyta.
 - b. framleiðsluþætti sem eru takmarkaðir og þá sem eru ótakmarkaðir.
 - c. samsetningar af vörum og þjónustu sem hægt er að framleiða og þeirra sem ekki er hægt að framleiða.
 - d. þeirrar eftirspurnar sem er takmörkuð og þeirrar sem er ótakmörkuð.

3. (4%) Fall hlutabréfavísitölu í kauphöll veldur því að fólk finnur til auðsáhrifa sem birtast í að því finnst það almennt hafa minna milli handanna en áður. Þetta myndi leiða til þess að fólk myndi:
 - a. minnka neyslu, sem flytur heildarframboðsferilinn (HF/e. AS) til vinstri.
 - b. minnka neyslu, sem flytur heildareftirspurnarferilinn (HE/e. AD) til vinstri.
 - c. auka neyslu, sem flytur heildarframboðsferilinn (HF/e. AS) til hægri.
 - d. auka neyslu, sem flytur heildareftirspurnarferilinn (HE/e. AD) til hægri.

4. (4%) Með hugtakinu ruðningsáhrif í efnahagslífinu (e. crowding-out effect) er átt við
 - a. hækkun á raunvöxtum vegna halla á rekstri hins opinbera.
 - b. skaðleg áhrif á efnahagslífið vegna halla á rekstri hins opinbera.
 - c. samdrátt í fjárfestingu einkageirans vegna halla á rekstri hins opinbera.
 - d. Allt ofangreint er rétt.

5. (4%) Með raungengi gjaldmiðils er átt við eftirfarandi:
- a. hlutfallslegt verð á innlendri og erlendri vöru og þjónustu.
 - b. hlutfallslegt verð á innlendum gjaldmiðli og erlendum gjaldeyri.
 - c. hlutfallslega vexti innanlands og erlendis.
 - d. Ekkert af ofantöldu er rétt.
6. (4%) Spákaupmenn sem búast við _____ gengi punds gagnvart japönsku jeni munu _____.
- a. lækkun á; bjóða fram jen.
 - b. hækkun á; auka eftirspurn eftir pundum.
 - c. óbreyttu; auka eftirspurn eftir pundum.
 - d. hækkun á; bjóða fram pund.
 - e. hækkun á; auka eftirspurn eftir jenum.
7. (4%) Fólk kýs í auknum mæli að elda sjaldnar í eldhúsinu heima og snæða oftár á veitingastöðum. Þessi breyting ein og sér hefur þau áhrif að:
- a. verg landsframleiðsla mælist meiri.
 - b. verg landsframleiðsla mælist minni.
 - c. verg landsframleiðsla breytist ekki.
 - d. Ekki er hægt að segja fyrir um áhrif á landsframleiðslu nema frekari upplýsingar liggi fyrir.

8. (4%) Þau stjórnþæki sem Seðlabanki Íslands hefur yfir að ráða til að hrinda í framkvæmd stefnunni í peningamálum eru:
- Viðskipti á gjaldeyrismarkaði með svonefndum inngrípum.
 - Viðskipti á markaði fyrir skuldabréf með ríkisábyrgð.
 - Ákvörðun hlutfalls bindiskyldu.
 - Ákvörðun vaxta í viðskiptum lánastofnana við bankann.
 - Allt ofantalið er rétt.
9. (4%) Með lokuðu hagkerfi er í hagfræðinni átt við:
- Víðtæka bankaleynd.
 - Utanríkisviðskipti eru engin.
 - Bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga.
 - Fanganýlendu.
 - Hömlur á einkavæðingu fyrirtækja í eigu ríkisins.
10. (4%) Gerum ráð fyrir að gengið á bandaríkjadal hafi verið 1,50 sterlingspund síðastliðinn föstudag en í gær þriðjudag var gengið 0,75 bandaríkjadalir á hvert pund. Hvert af eftirtöldu lýsir best því sem gerðist frá föstudegi fram á þriðjudag?
- Bandaríkjadalur styrktist gagnvart sterlingspundi.
 - Sterlingspund veiktist gagnvart bandaríkjadal.
 - Sterlingspundið styrktist gagnvart bandaríkjadal.
 - Bandaríkjadalur veiktist gagnvart sterlingspundi.
 - Bæði c og d eru rétt svör.

Hluti B (20%)

11. (4%) Skilgreinið hugtakið fórnarkostnaður (e. opportunity cost) í skilningi hagfræðinnar og skýrið með einföldu dæmi að eigin vali.

12. (8%) Setjið fram og skýrið grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninga og útskýrið merkingu allra stærða sem koma fyrir í henni.

13. (8%) Skýrið hvað átt er við með hugtakinu viðskiptajöfnuður (e. current account balance). Hverjir eru helstu liðir viðskiptajafnaðar? Við hvaða afleiðingum fyrir efnahagslífið má búast af langvinnum halla á viðskiptajöfnuði?

Hluti C (40%)

Vandið frágang á svörum og notið viðeigandi línurit þar sem það á við.

14. (10%) Skýrið hvað átt er við með hugtakinu verðbólga. Skýrið út hvernig hún er mæld.
Rekið glögglega þýðingu vísitölu neysluverðs fyrir verðbréfamarkaðinn hér á landi.

15. (10%) Á landi einu fögru er atvinnuleysi mikið og verðbólga lág. Stjórnvöld ákveða að bregðast við þessum aðstæðum með því að lækka tekjuskatt til muna.

Hvaða áhrif hefur þessi aðgerð á efnahag landsins? Sýnið upphaflega stöðu og áhrif aðgerða með því að sýna á línuriti haglíkan sem sýnir heildareftirspurn og heildarframboð. Ræðið áhrif af aðgerðinni til skamms tíma og til langs tíma.

Athugið að heildareftirspurn er oft táknuð með HE (e. AD) og heildarframboð með HF (e. AS).

16. (10%) Sagt hefur verið: Ef raunvextir hækka hraðar á innlendum markaði en í viðskiptalöndunum má búast við að gjaldmiðill landsins styrkist í verði á markaði innanlands og utan. Hver er afstaða ykkar til þessarar fullyrðingar? Rökstyðjið svar ykkar ítarlega.

17. (10%) Gerum ráð fyrir að markaður fyrir tiltekinn gjaldmiðil sé virkur, almenn hagskilyrði í eðlilegu horfi og gengi myntarinnar ráðist af framboði og eftirspurn á innlendum gjaldeyrismarkaði. Almennt er búist við að seðlabanki landsins muni fljótlega tilkynna lækkun eigin vaxta í viðskiptum við bankana.

Hvað teljið þið líklegt að gerist á innlendum gjaldeyrismarkaði í ljósi þessara væntinga? Notið mynd af hlutaðeigandi markaði til að rökstyðja svarið.